

## AUGLÝSING

### um breytingu á fasteignamati.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 104/1973, um breyting á þeim lögum, til að hækka fasteignamat um 100% að því er tekur til notkunar fasteignamatsins samkvæmt þeim tilteknu lögum. Auglýsing þessi tekur gildi hinn 1. janúar 1975, og jafnframt er úr gildi felld auglýsing ráðuneytisins frá 28. desember 1973, um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1974.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Björn Hafsteinsson.*

24. desember 1974.

Nr. 387.

## AUGLÝSING

### um lækkun sölugjalds af vélum og tækjum til iðnaðar.

#### 1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í LVI. tl. 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975 að fella niður að hálfu eða endurgreiða að hálfu, eftir því sem við á, sölugjald af vélum og tækjum, sem teljast til eftirfarandi númera í tollskrá, skv. lögum nr. 6/1974. Nær lækkunin enn fremur til vélahluta eða varahluta, sem teljast til sömu númera:

84.03.00	84.34.03	84.47.01
84.04.00	84.34.04	84.47.09
84.05.00	84.34.09	84.48.00
84.11.02	84.35.00	84.49.00
84.13.01	84.36.00	84.50.00
84.14.00	84.37.01	84.56.02
84.15.19	84.37.09	84.57.00
84.16.00	84.38.00	84.59.10
84.18.26	84.39.00	84.59.22
84.19.09	84.40.13	84.59.23
84.30.01	84.40.15	84.59.25
84.30.02	84.41.02	84.60.00
84.30.04	84.41.09	84.61.01
84.31.00	84.42.00	84.61.02
84.32.00	84.43.00	85.01.03
84.33.00	84.44.00	85.11.00
84.34.01	84.45.00	90.07.02
84.34.02	84.46.00	

#### 2. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður sölugjald að hálfu af vélum, tækjum, vélahlutum og varahlutum, sem teljast til þeirra tollskrárnúmera, sem upp eru talin í 1. gr., enda sé varan flutt inn til eigin nota innflytjanda og innflytjandi lýsi yfir á aðflutningsskýrslu hverju sinni, að varan sé ætluð til nota við framleiðslu iðnaðarvara í atvinnuskyni.

**3. gr.**

Sé vara skv. 1. gr. flutt inn til endursölu eða ef um er að ræða vöru framleidda hér á landi, skal sölugjald innheimt við sölu, en endurgreiða skal gjaldið að hálfu eftir á, enda sækir endanlegur kaupandi vörunnar um þá endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra).

Umsókn um endurgreiðslu skal borin fram á sérstöku eyðublaði, sem fjármálaráðuneytið lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af vörureikningi hinnar keyptu vöru, jafnframt því sem umsóknin skal m. a. tilgreina eftirfarandi:

- a. Tollskrárnúmer hvernar vöru og vörulýsingu.
- b. Kaupverð hvernar vöru um sig og upphæð greidds sölugjalds.
- c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
- d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
- e. Yfirlýsing umsækjanda um að varan sé ætluð til nota við framleiðslu iðnaðarvára í atvinnuskyni.

Tollstjórar í hverju umdæmi munu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara, ef þess er óskað.

**4. gr.**

Endurgreiðsla sölugjalds kemur því aðeins til greina, að reikningar þeir, sem farið er fram á endurgreiðslu á, beri greinilega með sér, að sölugjald hafi verið greitt.

Þá skulu endurgreiðslubeiðnir hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan árs frá því að sala fór fram til þess aðila, er sækir um endurgreiðslu.

Endurgreiðsluumsóknir skulu að lágmarki nema 10.000 kr. til þess að þær séu endurgreiðsluhæfar.

**5. gr.**

Umsókn um endurgreiðslu skal skilað í þrítíti. Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina, að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og að umsókn sé undirrituð af umsækjanda.

Þá er endurgreiðsla hefur verið innt af hendi, heldur viðkomandi innheimtumaður eftir frumriti umsóknarinnar, ásamt afriti vörureiknings, sendir afrit umsóknarinnar til skattstofu í því umdæmi, sem umsækjandi hefur aðsetur í og annað afrit ásamt frumriti vörureiknings skal afhent viðkomandi umsækjanda, með áritun á vörureikning um endurgreiðsluna.

**6. gr.**

Sá aðili, sem fær endurgreiðslu skv. ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreitt sölugjald sérstaklega, annað hvort í ársreikningi, sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð og fjárhæð hennar.

**7. gr.**

Reglum þessum getur fjármálaráðuneytið breytt án fyrirvara. Verði ágreiningur um framkvæmd og túlkun ákvæða þessara, sker fjármálaráðuneytið úr þeim ágreiningi.

**8. gr.**

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og öðlast gildi hinn 1. janúar 1975.

*Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1974.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Þorsteinn Ólafsson.*